

Miðvikudaginn 2. maí 1934.

Nr. 154/1933. **Þorbergur Guðmundsson, Jón Á. Gíslason, Halldór Þorsteinsson og Eiríkur Þorsteinsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn

Útvegsbanka Íslands h/f (Enginn).

Vixilafsögn framkvæmd síðar en vixillögin ákveða.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 8. júlí 1933: Stefnidir Ísfélag Gerða h/f., Þorbergur Guðmundsson, Jón Á. Gíslason, Halldór Þorsteinsson og Eiríkur Þorsteinsson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Útvegsbanka Íslands h/f., kr. 3500,00 með 6% ársvöxtum frá 1. dez. 1932 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 10,50 í afsagnarkostnað og kr. 342,50 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Er þetta mál var þingfest í hæstarétti mætti enginn í því af hálfu stefnda, þótt löglega hafi verið stefnt, og hefir það því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt eftir N. L. 1.—4.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjendurnir hafa krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið, að því er þá snertir, og breytt þannig, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda í málinu, og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti eftir reikningi eða eftir mati réttarins.

Eins og segir í dómi undirréttarins var gjald-dagi vixils þess, er ræðir um í málinu, 1. dez. 1932, er bar upp á fimmtudag, og var hann afsagður vegna greiðslufalls 5. s. m. Byggja áfrýjendurn-

ir sýknukröfu sína á því, að vixilrétturinn gagnvart þeim hafi glatazt sökum þess, að vixillinn hafi ekki verið afsagður innan þess tíma er 41. gr. vixillaganna frá 13. jan. 1882 ákveður. Gegn þessu hefir stefndi haldið því fram fyrir undirréttinum, að 1. dezember 1932 hafi verið frídagur og bankanum, þar sem vixillinn átti að greiðast, hafi verið lokað allan daginn og sömuleiðis notarialskrifstofunni, og hafi því gjalddagi vixilsins samkv. 91. gr. vixillaganna færzt yfir á 2. dez. og afsögnin þar af leiðandi farið fram á 2 virkum degi frá gjalddaga, þannig að ákvæðum 41. gr. vixillaganna hafi verið fullnægt. En á þetta verður ekki fallizt. Gjaldagi vixilsins var ekki að lögum helgur dagur og heimild brestur til lögjöfnunar frá upphafsákvæði 91. gr. nefndra vixillaga. Það verður því að líta svo á, að afsögn vixilsins hafi farið fram síðar en 41. gr. vixillaganna ákveður og að stefndi hafi þessa vegna glatað vixilrétti sínum gagnvart áfrýjendunum. Það ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi að því er snertir áfrýjendurna og sýkna þá af öllum kröfum stefnda í máli þessu, og dæma hann til þess að greiða áfrýjendunum málskostnað í undirrétti og hæstarétti, er ákveðst 100 kr. til hvers þeirra.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, Þorbergur Guðmundsson, Jón Á. Gíslason, Halldór Þorsteinsson og Eiríkur Þorsteinsson, eiga sýknir að vera af öllum kröfum stefnda, Útvegsbanka Íslands h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendunum málskostnað í

undirrétti og hæstarétti með 100 krónum til hvers þeirra að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 22. maí s. l. af Útvegsbanka Íslands h/f. hér í bæ gegn Ísfélagi Gerða h/f., Þorbergi Guðmundssyni, Jaðri, Jóni Á. Gíslasyni, Halldóri Þorsteinssyni, Vörum, öllum til heimilis í Gerðum, Garði í Gullbringusýslu og Eiriki Þorsteinssyni, Ásvallagötu 18, hér í bænum, til greiðslu vixils, að upphæð kr. 3500,00, útgefins 29. ág. f. á., af stefndum, Þorbergi, og samþykkt af stefndu Ísfélagi til greiðslu í Útvegsbankanum hér í bæ 1. dez. f. á., en á vixli þessum, sem afsagður var vegna greiðslufalls 5. s. m. eru stefndir, Jón, Halldór og Eiríkur, ábekingar.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefndir verði in solidum dæmdir til þess að greiða sér upphæð vixilsins, kr. 3500,00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 10,50 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekju-lögin og lágmarksgjaldskrá málf lutningsmannafélagsins kr. 342,50.

Allir hinir stefndu hafa látið mæta í málinu. Hefir stefndur, Ísfélag Gerða h/f., engum andmælum hreyft gegn framangreindum kröfum stefnanda og verða þær því teknar til greina að öllu leyti að því er það snertir. Hinsvegar hafa aðrir hinir stefndu mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu. Byggja þeir sýknukröfuna á því, að vixilrétturinn á hendur þeim samkvæmt umræddum vixli sé glataður vegna vangeymslu. Gjaldldagi vixilsins 1. dez. f. á. hafi borið upp á virkan dag, og þar sem vixillinn hafi ekki verið afsagður fyrir en 5. þess mánaðar eða á 3. virkum degi eftir gjaldldaga sé afsagnargerðin ólögmet.

Stefnandi hefir mótmælt eindregið þessari varnarástaðu stefndra og haldið því fram, að telja megi 1. dez. helgan dag, því að þann dag sé bönkum og opinberum skrifstofum lokað allan daginn, og hafi því gjaldldagi um-

rædds vixils færzt yfir á 2. dez. og sé þá vixillinn löglega afsagður samkvæmt ákvæðunum í 91. gr. vixillaganna.

Það er nú að visu svo, að 1. dez. er ekki löghelgur dagur. Hinsvegar hafa undanfarin ár verið hátiðahöld dag þenna til minningar um viðurkenningu fullveldis Íslands árið 1918. Hefir dagurinn jafnframt um nokkurt skeið undanfarið verið bankafridagur og að nokkru leyti frídagur náms-, skrifstofu- og verzlunarfólks. Þykir því mega láta ákvæðin í fyrstu setningu 91. greinar vixillaganna taka til dags þessa með lögjöfnun (analogiu) og var þá gjalddagi vixils þess, sem hér um ræðir fyrst 2. dez. Hefir vixillinn því að álitni réttarins verið afsagður innan lögmæltis tíma og verða þá úrslit málsins þau, að mótmæli stefndra verða ekki tekin til greina, heldur ber að taka dómkröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 4. maí 1934.

Nr. 28/1934. **Réttvísín** (Lárus Jóhannesson)
 gegn

Friðbirni Þorkelssyni
 (Stefán Jóh. Stefánsson).

Stuldur.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. dez. 1933: Friðbjörn Þorkelsson, lausamaður, síðast til heimilis á Öldugötu nr. 16 í Hafnarfirði, sæti 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og greiði hann allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað. Peningar þeir, að upphæð kr. 29,13, er fundust á ákærðum og í vörzlum hans, teljast vera tilheyrandi þurrabúðarmanni Ólafi Guðmundssyni, áður til heimilis á Öldugötu 16 í Hafnarfirði, nú til heimilis í Ingólfsstræti nr. 19 í Reykjavík, og afhendist manni þessum samkvæmt kröfu hans. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja fram komnar svo öruggar líkur